

Skaftafell-Morsárdalur í Örfælasveit

Alveg frá því ég kom fyrst í Skaftafell í Örfælasveit sennilega 1966 hafði mig dreymt um að ganga frá Skaftafelli inn í Morsárdal og tjalda þar. Þetta varð loks að veruleika sennilega 1993. Áður en við lögðum upp í þessa ferð þurftum við að fá leyfi hjá þjóðgarðsverði. Það reyndist auðfengið. Eftir að hafa raðað dótinu okkar í bakpokana sennilega á milli 15 og 20 kg. Lögðum við upp brekkuna sem liggur upp að Hæðabænum. Þegar komið er inn fyrir Hæðabæin tekur við graslendi sem köllað er Skaftafellsheiði. Allt er það auðratað en talsvert blautt á köflum. Þegar inn fyrir þetta er komið tekur við skógarkjarr sem kallast Skaftafellsskógur.



Tveir ferðafélagar á göngu í Skaftafellsskógi (Ljósm. Leifur Þ.9)

sem líka er auðratað vegna þess að þar eru fjárgötur sem liggja allveg niður að Morsánni. Hana þurftum við að vaða. Hún er talsvert djúp og ströng þannig að sumar konurnar í hópnum þurftu stuðning til að vaða yfir hana.



Vaðið yfir Morsá Ljósm. (Ari K SÆM).

Þarna mættum við fólki sem við þekktum vel Höskuldi Jónssyni fv. foseta FÍ og Árna Erlingssyni smið sem, sat lengi í stjórn FÍ. Eftir hann liggja mörg handtök í skálum FÍ. Þeir voru báðir með sínar konur með sér og voru að koma frá þeim stað sem við ætluðum. Þegar við vorum komin yfir ána ákváðum, við að leggja frá

okkur pokana og ganga inn að upptökum Skeiðarár.



Séð að upptökum Skeiðarar úr hliðum Kristínartinda (Mynd A.K. Sæm)

Hún brýst þarna undan jöklinum af miklum krafti. Það er eins og risa suðupottur



Myndin sýnir þarsem Skeiðará brýst undan jöklinum (Ljósm Kristbjörn Eglisson)

Frá því við vorum þarna hafa orðið miklar breytingar. Áin hefur brotið sér farveg vestur með jöklinum þar sem hún sameinast Gígjukvísl og rennur með henni til sjávar. Góð stund fór í að virða fyrir sér þessa krafta náttúrunnar. Síðan lá leið okkar aftur að pokunum okkar. Þaðan gengum við áfram inn dalinn þar til við fundum góðan blett til að tjalda á Þarna rísa fjöllin þverhnipt á móti okkur þannig manni finnst þau geti hrunið yfir okkur þá minst varir.



Þverhnýpt fjallið á bakvið tjöldin okkar Ljósam. Leifur þ.

Tjöldin voru reist og við sváfum eins og steinar um nóttina án þess að náttúran léti á sér kræla. Þegar ég skreið út úr tjaldinu gekk ég svolítið í austur. Þar blasti við Morsárjökullinn sem steiptist þarna lóðrétt niður úr Örfajökli.



Séð inn Morsárdal, Morsárjökull fyrir miðju og Skarðartindur lengst til hægri (Mynd: A.K. Sæm)

Fyrir framan jökulinn er allstórt lón þar sem eru upptök Morsár. Hæsti tindurinn sem þarna blasir við manni heitir Skarðatindur. Í vesturátt blasir Kjósinn við manni. Þar eru fjöllin að mestu úr móbergi. Þó sjást þar líka ofurlitlar líparít skellur. Þetta er magnað landslag sem gaman hefði verið að eyða miklu lengri tíma í að skoða en því miður var það ekki í boði að þessu sinni. Nú voru tjöldin tekin niður og haldið heim á leið sömu leið og við komum. Það er ákþega gaman að ganga um þetta land sem nú er orðið talsvert mikið gróið. Talsvert er þar um birkihríslur og fjalldrapa. Einnig eru þar eyrarrósabreiður og þúfur með lambagrasi. Talsvert er líka af lúpínu sem magir vilja losna við úr íslensku flórunni. Hún er talsvert merkileg planta því á rótum hennar lifa bakteríur sem vinna köfnunarefni úr loftinu. Allt gekk eins og í sögu fram að upphafsspunkti. Þar settum við dótið okkar í bílana og hver hélt til síns heima eftir afar vel heppnaða göngu. Veðrið hafði verið óaðfinnanlegt sólarlaust að mestu en engin úrkoma.

